

Túngötu 3

Skipulag Garðabæjar

Skipulag í Hraunsholtslandi

og iðnaðarhverfi sunnan Flata.

Eins og fram kemur í fyrirsögn, er þetta skipulag tvíþætt. Í túni Hraunsholtsbæjar eru skipulagðar lóðir fyrir einbýlishúsa- byggð og tengist það hverfi um Löngufit og Lækjarfit við Hafnar- fjarðarveg. Lóðafjöldinn á því svæði sem skipulagt er, er 44 lóðir og eru þá meðtaldar óbyggðar lóðir vestan Löngufitar. Á hrauninu austan Hraunshóla, er afmarkað svæði til síðari ráð- stöfunar. Á hrauninu sunnan Flata, er skipulagt iðnaðar- og þjónustusvæði, sem afmarkast að sunnan af tengibraut sem liggur frá fyrirhugaðri Reykjanesbraut í Engidal. Að vestan af því landbroti, sem myndast hefur vegna efnistöku austan Hádegishóls. Að norðan afmarkast svæðið af fari eftir jarðýtutönn. Þar sem jarðýtufarið endar heldur markalínan sömu stefnu, þar til hún mætir fyrirhugaðri Reykjanesbraut en Ryekjanesbraut afmarkar svæðið að austan. Stærð iðnaðarsvæðisins er um 25 ha. Tengingar úr iðnaðar og þjónustuhverfi inn á opna svæðið eru fyrst og fremst til þess hugsaðar, að halda opnum samsvarandi tengingarmöguleika og A.S. Garðabæjar gerir ráð fyrir af Flöt- unum inn á opna svæðið, en nýttast jafnframt, sem aðkomumöguleiki vegna framkvæmda eða annarra þarfa, eftir því sem nauðsyn krefur.